

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. febrúar 2023

Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði

Lagt er til að leiga smáhýsanna að Fiskislóð verði lækkuð til að samsvara leiguverði Félagsbústaða þar sem fermetraverð spilar inn í leiguverð. Leiguverðsgrunnur Félagsbústaða byggir á fasteignamati og leigustuðli fyrir ólík póstnúmer en mánaðarleiguverð sértækra búsetuúrræða Félagsbústaða og almennra leigueininga sem ekki hafa fasteignamat er óháð leiguhverfi og er ákvarðað þannig að greitt er fast gjald fyrir hverja leigueiningu auk breytilegs gjalds sem er í réttu hlutfalli við birt flatarmál leigueiningar. Lagt er til að leiga smáhýsanna verði reiknuð út til samræmis við leiguverð annarra íbúða sem borgin leigir út. Sé litið til þess þá má sjá að leiga smáhýsa er hlutfallslega mun hærri en leiga íbúða hjá Félagsbústöðum. Sem dæmi þá er mánaðarleiga fyrir 62 fermetra íbúð í Vesturbæ 130.900 kr. (fermetraverð um 2.100 kr.) og mánaðarleiga fyrir 59 metra íbúð í Efra Breiðholti er 106.416 kr. (fermetraverð rétt yfir 1.800 kr.). Leiguverð fyrir 25 fermetra smáhýsi að Fiskislóð 1 er hinsvegar tæpar 87.000 kr. á mánuði auk 10 þúsund kr. hússjóðs sem gerir samanlagt um 3.900 kr. á fermetrann. Fjármálaskrifstofu velferðarsviðs verði falið að útbúa leiguverð sem tekur mið af þessum veruleika. Einnig verði litið til leiguverðs smáhýsa á öðrum staðsetningum með ofangreint í huga.

Greinargerð:

Þegar leiguverð er skoðað út frá fermetrafjölda má sjá að leiguverð smáhýsa er mun hærri en leiguverð íbúða hjá Félagsbústöðum. Reykjavíkurborg heldur utan um leiguíbúðir í gegnum Félagsbústaði sem er 100% í eigu Reykjavíkurborgar. Upplýsingar um leiguverð Félagsbústaða má finna inn á heimasíðu þeirra, þar sem forsendur fyrir leiguverði eru útskýrðar. Dæmið um leiguverð íbúðar í Vesturbæ og Efra Breiðholti er tekið af heimasíðu Félagsbústaða.

Þegar litið er til smáhýsa, þá má sjá að íbúar þar greiða allt of hátt leiguverð í samræmi við önnur leiguverð (sjá leiguverðsgrunn Félagsbústaða). Auk þess er leiguverð ekki í samræmi við önnur leiguverð sem eru til viðmiðunar innan borgarinnar. Því er lagt til að breytingar verði gerðar svo að leigjendur smáhúsanna greiði hlutfallslega ekki hærri leiguverð en á við um annað húsnæði á vegum borgarinnar.